

Hörgársveit

Viðmiðunarfjárhæðir fyrir tímabundna leikskólavist í Álfasteini fyrir nemandu sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi

1. gr.

Í reglum um veitingu leyfis fyrir tímabundinni leikskólavist í Álfasteini fyrir barn sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi segir í 2. gr. að leikskólastjóri taki umsókn til athugunar og afgreiðslu m.a. með tilliti til þess hvort fram komi í afgreiðslu lögheimilisveitarfélags að skólakostnaður verði greiddur skv. viðmiðunarfjárhæðum sem ákveðnar eru af sveitarstjórn Hörgársveitar og/eða að fyrir liggja að foreldrar/forráðamenn greiði það sem upp á það kann að vanta.

2. gr.

Gjald fyrir tímabundna leikskólavist í Álfasteini fyrir barn sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi, sbr. 1. gr., skal fara eftir viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna barna í leikskólum utan lögheimilissveitarfélags.

3. gr.

Til viðbótar gjaldi sbr. 2. gr. greiða foreldrar/forráðamenn dvalargjald fyrir barnið skv. gjaldskrá Álfasteins.

Tillaga fræðslunefndar 12. júní 2012

Samþykkt í sveitarstjórn 20. júní 2012